



Gigtarfélag
Íslands



Til efnahags- og skattanefndar Alþingis
b.t. Helga Hjörvar, formanns

Reykjavík, 17. maí 2010

Allt frá árinu 1996 hafa Íslendingar átt kost á að kaupa sér sérstakar sjúkdómatryggingar hjá íslenskum tryggingafélögum. Í gildi eru a.m.k. 44.000 íslensk sjúkdómatryggingaskírteini, en þar við bætast skírteini þeirra er skipta beint við erlend tryggingafélög. Hvert slíkt skírteini tryggir einn eða fleiri einstaklinga. Sjúkdómatryggingar eru því keyptar af öllum almenningi og varða hagsmuni mjög margra.

Þegar hinir tryggðu hafa greinst með alvarlega sjúkdóma hafa bætur ávallt verið greiddar út sem eingreiðsla. Þessar bætur hafa í framkvæmdinni ekki verið skattskyldar að því er verður séð, og hefur í því sambandi verið litið til líftrygginga, slysa-, þjáninga- og miskabóta. Telja má fullvíst að allir þeir sem keypt hafa sjúkdómatryggingu og þeir sem fengið hafa slíkar bætur hafi haft þennan sama skilning á skattalegri meðferð bótanna. Sama gildir um þá sem hafa selt slíkar tryggingar.


Nú er fyrir dómstólum mál, þar sem bótaþega sjúkdómatrygginga er ætlað að greiða tekjuskatt af bótafjárhæðinni. Það er mjög brýnt að mati undirritaðra, að 2. tl. 28. gr. tekjuskattslaganna nr. 90/2003 verði breytt þannig, að tekin verði af öll tvímæli um að bætur sjúkdómatrygginga séu ekki og verði ekki til famtíðar tekjuskattsskyldar.

Hafa ber í huga að í lagaframkvæmd annars staðar á Norðurlöndunum eru þessi mál afgreidd á sambærilegan hátt, þ.e. að sjúklingar/öryrkjar eru ekki skattlagðir, burtséð frá því hvort þeir hafa lent í slysi eða fengið illvígán sjúkdóm.


Við trúum því staðfastlega að hið opinbera ætli sér ekki að sækja fjármagn til þeirra sem lenda í alvarlegum heilsufarsvanda og hafa keypt sér að því er þeir töldu skattfrjálsa tryggingu til að mæta slíkum vanda. Kallað hefur verið eftir þessum lagabreytingum nú um langa hríð, en engin viðbrögð hafa enn fengist. Þess vegna treystum við á atbeina efnahags- og skattanefndar Alþingis í þessu máli og væntum svara hið fyrsta.


Virðingarfyllst,


Gigtarfélag Íslands


Einar S. Ingólfsson, formaður


Hjartaheill



Sveinn Guðmundsson, varaformaður


Emil Thoroddsen, framkvæmdastjóri


Ásgeir Þór Arnason, framkvæmdastjóri

Krabbameinsfélag Íslands


Sigríður Snæbjörnsdóttir, formaður


Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri

Afrit:

Efnahags- og viðskiptaráðherra.
Félags- og tryggingamálaráðherra.
Fjármálaráðherra.
Heilbrigðisráðherra.